



UNNUR BJÖRK, PALLI OG STRÁKARNIR



## Fréttabréf Íslenzkrar ættleiðingar

### Biðlistahópur

Þeir félagar Íslenzkrar ættleiðingar sem eiga umsókn um ættleiðingu barns í einhverju af samstarfslöndum félagsins og þeir sem eru að sækja um forsambýkki, hafa reglulega fundað á skrifstofu Íslenzkrar ættleiðingar á meðan á biðinni stendur.

Hópurinn hefur hist reglulega og haldið úti lokuðum Facebook hópi sem er einungis ætlaður þeim sem er á biðlista. Nafn hópsins er „Biða, beið, biðum, beðið“

Hópurinn hittist 15. dag hvers mánaðar og þarf ekki að skrá sig til þátttöku, bara að mæta á skrifstofu félagsins.


Starfsmenn félagsins halda ekki utan um þennan hóp, heldur er hann stofnaður að frumkvæði þeirra sem eru á biðlista. Starfsmenn félagsins eru hinsvegar boðnir og búnir að mæta og útskýra eða fræða um einstaka hluti.

Hópurinn hittist næst 15. nóvember kl. 20:00.

### Leitin að upprunum - á Stöð 2

Sunnudaginn 23. október hefur Stöð 2 sýningar á þáttunum **Í leit að upprunum**. Þættirnir verða 7 talsins en í þáttunum Leitin að upprunum hjálpar sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir þremur íslenskum stúlkum að leita að líffræðilegum foreldrum

sínum víða um heim, en allar voru þær ættleiddar til Íslands. Vísbendingarnar sem þær hafa til að leita eftir eru yfir þriggja áratuga gamlar, en leitin ber þær meðal annars í afskekkt fjallaborp í Tyrklandi og fátækrahverfi í Sri Lanka.



### Fræðsla - Leitin að upprunum

Í tilefni af sýningu þáttanna **Leitin að upprunum** mun Íslenzk ættleiðing vera með fræðslu henni tengdri.

Fimmtudaginn 27. október, kl. 20:00 mun Brynja M. Dan Gunnarsdóttir ríða á vaðið með erindinu **Ættleiðing og upprunaleit** en Brynja er ein af þeim sem er í þáttunum. Brynja er móðir, verkfræðimenntuð og vinnur sem markaðsstjóri hjá s4s. Hún mun miðla reynslu sinni af því að vera ættleidd til Íslands og af upprunaleit sinni síðastliðið sumar.

Þriðjudaginn 29. nóvember mun gefast kostur á að horfa á lokabátt seríunar með þremningunum sem fjallað er um í þáttunum ásamt þáttastjórnandanum. Í lokin verður svo opnað fyrir spurningar til þeirra um þættina, ferlið og upplifunina af upprunaleitinni.

Ættleiddir og aðstandendur þeirra eru sérstaklega hvattir til að koma þessar tvær fræðslur verða þær síðustu á þessu ári, en þráðurinn verður tekinn upp aftur í janúar 2017.

### ÆTTLEIÐING OG UPPRUNALEIT

Fimmtudagurinn 27. október kl. 20:00

Hótel Hilton – salur E, Suðurlandsbraut 2

[Skráning á heimasíðu Íslenzkrar ættleiðingar](#)

Frítt fyrir félagsmenn – 1000 krónur fyrir aðra

## Ísland - Tógó

Innanríkisráðherra Íslands Ólöf Norðdal bauð fulltrúum ættleiðingarnefndar Tógó í heimsókn til Íslands nú á dögunum og hafa þeir þekkt boðið. Þá fól ráðherra Íslenskrar ættleiðingu að skipuleggja heimsóknina og bera kostnaðinn af henni.

Fulltrúar nefndarinnar eru væntanlegir í desember og munu þeir kynna sér Íslenska ættleiðingarmódelið. Fundað verður með sérfræðingum innanríkisráðuneytisins og sýslumannsembættisins, ásamt stjórn og starfsfólki félagsins. Fjölskyldur sem hafa ættleitt frá Tógó verða heimsóttar.



## Tungumála- og menningar-námskeið

Íslensk ættleiðing í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós hefur um nokkurt skeið staðið fyrir námskeiðum í kínversku og um kínverska menningu. Í október hófst tilraunaverkefni þar sem nokkrum fjölskyldum var boðð að taka þátt í þróun námskeiðs fyrir fjölskyldur sem eru að undirbúa upprunaferð til Kína. Á námskeiðinu er farið yfir helstu kínversku tákni sem geta komið að góðum notum á ferðalaginu og helstu síði sem gott er að vera meðvitaður um. Lárus H. Blöndal sálfræðingur Íslenskrar ættleiðingar verður svo þátttakendum innan handar þegar kemur að sálrænum undirbúningi þátttakenda áður en að haldið er af stað til Kína.

Gert er ráð fyrir að næsta námskeið hefjist í janúar, en það verður auglýst betur síðar.



## Viðtöl á Akureyri

Undanfarin misseri hefur starfsfólk skrifstofu Íslenskrar ættleiðingar lagt land undir fót og heimsótt höfuðstað Norðurlands með fræðslu og ráðgjafaviðtöl fyrir félagsmenn. Félagið kannar nú þörf félagsmanna sinna fyrir viðtöl hjá Lárusi H. Blöndal, sálfræðingi. Stefnt er að því að hann komi til Akureyrar í lok nóvember og bjóði upp á viðtöl fyrir þá sem eiga ættleidd börn, þá sem eru á biðlista og þá sem eru að stíga fyrstu skrefin í ættleiðingarferlinu.


Staðsetning og tími verða auglýst síðar ef nægur fjöldi skráninga næst.

Viðtölin eru ókeypis fyrir félagsmenn, en kosta annars kr. 13.000.-. Skráning viðtalstíma er á heimasíðu Íslenskrar ættleiðingar.

## Hamingjustund

Þann 12. október sameinaðist fjölskylda í Tékklandi. Þetta er önnur fjölskyldan sem sameinast á þessu ári og börnin orðin þrjú. Íslensk ættleiðing sendir fjölskyldunni hugheilar hamingjuóskir og hlakkar til að fá að hitta litlu gullmolana.

Nú hafa 30 börn verið ættleidd frá Tékklandi til Íslands með milligöngu félagsins, en fyrsta barnið sem ættleitt var til Íslands frá Tékklandi kom heim árið 2007.



## Áskorun um breytingar á aldurviðmiðum

Íslensk ættleiðing hefur um langa hríð mælt fyrir breytingum á ákvæði 11. gr. reglugerðar, nr. 238/2005 um ættleiðingar þar sem þau sjónarmið eru lögð til grundvallar að tekið verði tillit til aldurs barns og/eða skilgreindra þarfa, fremur en að einblínt sé á aldur viðkomandi umsækjenda.

Reglugerð nr. 238/2005 var síðast breytt með reglugerð nr. 996/2009 þar sem ákvæði 11. gr. var bætt við. Ákvæðið fól í sér heimild fyrir sýslumann til þess að gefa út nýtt

forsamþykki eða framlengja forsamþykki þegar svo stæði á að gildistími forsamþykkis eða framlengds forsamþykkis til ættleiðingar rynnri út eftir að umsækjandi hefði náð 45 ára aldri og umsókn hans væri til meðferðar hjá stjórnvöldum í upprunaríki. Nýtt eða framlengt forsamþykki af þessu tagi gildi nú hér eftir þar til sá umsækjenda sem væri yngri, þegar um þar væri að ræða, næði 50 ára aldri. Breytingarnar voru gerðar til að koma til móts við óskir einstaklinga sem vilja ættleiða börn erlendis frá. Þær tóku mið af því að rýmka reglur vegna lengri biðtíma eftir börnum að svo miklu leyti sem það þótti unnt án þess að ganga gegn hagsmunum barnanna.

Gildandi reglugerð ber þess merki að hafa verið mótuð á þeim tíma þegar börn sem ættleidd voru til landsins voru að jafnaði ungabörn, þá oft undir eins árs aldri. Með því að hafa hámarksaldurinn við innlögn umsóknar 45 ára, og möguleika umsækjenda að endurnýja forsamþykki sitt þar til að umsækjandi hefur náð 50 ára aldri, var verið að reyna að tryggja að barn nyti foreldra sinna á meðan það væri á barnsaldri. Hins vegar hefur margt breyst í málaflöknum síðan reglugerðin var skrifuð. Aldur barna sem hafa verið metin ættleiðanleg hefur hækkað verulega.

Með verklagi Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa er leitast við að tryggja að ættleiðing sé neyðarúrræði, þar sem kannað hefur verið til fullnustu að barnið hafi ekki möguleika á að alast upp hjá foreldrum sínum né öðrum skyldmönnum. Þá byggir samningurinn jafnframt á þeim sjónarmiðum að finnist ekki umsækjendur um ættleiðingu innanlands í upprunaríki barnsins og undirbúningsvinnu vegna ættleiðingar erlendis er barn að jafnaði aldrei yngra en tveggja ára við ættleiðingu. Meðalaldur barna sem hafa verið ættleidd til Íslands undanfarin ár er 3,7 ár. Síðastliðið ár var elsta barnið 8 ára við ættleiðingu.

Víða í upprunaríkjum barnanna er leitast við að það sé eðlilegur aldursmunur á milli barns og þess kjörforeldris sem yngra er. Það eru hagsmunir upprunaríkisins að haga lögum, reglum og leiðbeiningum í ættleiðingar-málaflöknum þannig að munaðarlaust barn fái athvarf hjá fjölskyldu sem getur og vill leiða barnið inn í fjölskyldu sína með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Íslensk ættleiðing leggur til að ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar verði breytt. Við breytinguna verði haft að leiðarljósi að börn sem þarfnast fjölskyldu eru ekki bara ung börn. Í lögum er einstaklingur skilgreindur sem barn þar til að hann nær 18 ára aldri.

# Þrír bræður og foreldrar þeirra

eftir Unni Björk Arnfjörð

Þann 21. febrúar 2015 fengum við hjónin, ég og Páll Sæmundsson, símtalið sem breytti öllu. Búið að para okkur við þrjá bræður sem bjuggu í bænum Most í Tékklandi. Aðdragandinn var þó aðeins lengri...

## Reykjavík - Ísafjörður - Tékkland

Á sama tíma fékk fjölskyldufaðirinn vinnu úti á landi og rétt áður en símtalið dásamlega kom vorum við nýbúin að selja íbúðina okkar í Reykjavík og festa kaup á stóru húsi á Ísafirði sem átti að afhendast 1. apríl ef ég man rétt. Páll var nýlega fluttur vestur og ég var í minni vinnu í Reykjavík. Það þurfti því að hafa nokkuð hraðar hendur að pakka öllu okkar dóti niður á sama tíma og við vorum að undirbúa komu bræðrana inn í líf okkar. Sem betur fer hafði ég aðeins byrjað í hreiðurgerð áður en símtalið kom og þurftum við því ekki að kaupa allt á þessum vikum sem við höfðum til undirbúningsins. Með góðri aðstoð fjölskyldu og vina náðum við þó að gera eins klárt og hægt var þegar við settumst upp í flugvél á leið til Þýskalands þann 18. apríl. Upphaflega hafði staðið til að við færum út 10 dögum fyrr en örlögin gripu enn í taumana hjá okkur því upphafleg áætlun um sameiningu fjölskyldunnar gekk ekki eftir. Ný lög í Tékklandi ollu því að einn af drengjunum var ekki löglega laus til ættleiðingar. Þetta var gríðarlegt áfall en án mikillar umhugsunar spurðum við hvort við gætum ekki farið út og beðið með drengjunum. Það leyfi fékkst, þó með þeim fyrirvara að á meðan dvölinni úti stæði, værum við með drengina í skammtíma-fóstri. Það voru því spennir foreldrar sem flugu á vit ævintýrana líklega búsettir í Tékklandi næsta hálfu árið.

## Loksins loksins

Fjölskyldan sameinaðist 21. apríl og á eini svipstundu vorum við orðin foreldrar tveggja, þriggja og fimm ára hraustra og hugmynda-ríkra drengja. Allir vildu þeir sinn skerf af athygli og þurftu að prófa nýju foreldrana sína, oft á dag, sem og nýfengið frelsi sitt því reglurnar hjá mömmu og pabba voru auðvitað aðeins öðruvísi en á barnaheimilinu. Við hjónin, dvöldum í íbúð fyrir ofan deildina þeirra á barnaheimilinu og fyrstu dagana hittum við þá í nokkra tíma og sögðum síðan



þess við þá á kvöldin. Á sjötta degi voru þeir alkomnir til. Þó svo að við öll værum búin að biða eftir þessari stund, þá var hún þeim ansi erfið og áttu þeir erfitt með að sofa. Þeir yngri sofnuðu um klukkan 22 en sá elsti sofnaði ekki fyrr en klukkan þrjú um nóttina, örmagna á bakinu á pabba sínum. Eftir á að hyggja hefðum við átt að ná í fóstru til að tala við þá en okkur fannst við vera þínu að falla á foreldraprófinu að geta ekki ráðið almennilega við okkar eigin börn! Næsta kvöld gekk ögn betur enda sá elsti ekki búinn að sofa nema þrjár klukkustundir nóttina áður og sofnaði í fanginu á mér á meðan þeir tveir yngri vildu frekar hoppa og skoppa um herbergið en að hlýða þessum mállausu foreldrum sínum. Þessir fyrstu dagar voru því mikil áskorun fyrir nýbakka foreldra. Starfsfólk barnaheimilisins sáu fljótt að við þyrftum auka hendur og buðu fram aðstoð sína. Við fengum því manneskju með okkur í verslunarferðir, í göngutúra, leikjagarða og hvaðeina sem við þurftum þar til við fengum aðstoð að heiman. Auk þess fengum við fóstru sem kom upp á kvöldin og svæfði bræðurna. Það var líka gott að hafa tékkneskumælandi fólk hjá okkur á meðan við vorum að læra hvert á annað og kynnast.

## Most

Við vorum 16 daga á barnaheimilinu svo við kynntumst því mjög vel og starfsfólkinu líka. Eflaust var það ívið of langur tími en á móti kynntumst við gamla lífinu þeirra vel og eigum kannski auðveldara með að ræða um barnaheimilið við þá þegar þær umræður koma upp.

## Prag

Þann 7. maí fluttumst við til Prag. Við ákváðum að hafa flutningin eins þægilegan og hægt var fyrir alla. Við leigðum okkur þrjú

bíl með bílstjóra sem kom okkur á milli staða á einfaldan og góðan máta. Ég mæli með að fólk skoði þann möguleika, hann kostar aðeins meira en stressstigið verður töluvert minna. Í Prag vorum við heppin og fengum við leigða íbúð á almennum leigumarkaði. Leigusalinn okkar var sérlega almennilegur og leigðum við fyrst í þrjá mánuði en fengum síðan að endurnýja samninginn mánuði í senn, því við vissum jú ekki hversu lengi við yrðum. Íbúðin var á fimmtu hæði í lyftulausri blokk sem okkur fannst góð hugmynd (eða ekki) því drengirnir höfðu mikla orku og stigarnir áttu að vera góðir til þess að beisla hana. Íbúðin var á frábærum stað í Prag. Aðeins tvö metrostop í miðbæinn, en samt það langt frá miðbænum að við voru ekki í hringiðu ferðamannanna. Marta túlkurinn okkar bjó líka í fimm mínútuna göngufæri við okkur svo þetta gat varla verið betra.

Marta var okkur sérlega hjálpleg í þessu öllu saman. Var hún bæði túlkurinn okkar, leiðsögumaður og vinkona. Daginn eftir komuna til Prag keyrði hún mig til að mynda í IKEA þar sem ég gat verslað það sem þurfti fyrir fjölskylduna, en íbúðin sem við fengum var frekar hrá á íslenskan mælikvarða og ýmislegt sem vantaði. Við komum okkur þó ágætlega fyrir þarna - lífðum miminalískum lífstíl og reyndum að sankka eins litu dóti að okkur og hægt var. Íbúðin var stór svo það var nóg pláss fyrir okkur öll og gesti okkar. Við sváfum öll í sama herberginu og því var gestaherbergið alltaf laust.

## Atlaga að rútínu

Við reyndum að koma lífinu í Prag í nokkuð fastar skorður, eftir því sem hægt var. Með okkur til Prag komu tvær ofurkonur úr fjölskyldunni okkar sem aðstoðu okkur við að koma okkur fyrir og daglega lífið okkar. Þær fóru síðan aftur til Íslands viku eftir komuna til Prag. Þá vorum við í fyrsta sinn ein sem fimmmanna fjölskylda.



Fyrstu vikurnar var dagleg rútína drengjanna þannig að þeir vöknðu um klukkan sex á morgnana. Um leið og einn hljóp framúr þá fylgdu hinir á eftir enda sváfum við öll í sama herbergi. Nágrannar okkar voru misánægðir

með fótaferðatíma drengjanna og reyndum við að láta fara lítið fyrir okkur. Fyrstu morgnanna sátum við því og púsluðum og púsluðum og púsluðum til þess að hafa ofan af fyrir þeim. Síðan var morgunverður og farið út á leikvöll sem opnaði klukkan átta. Þar leið strákunum einna best, þeir gátu hlaupið um og leikið sér áhyggjulausir allan daginn. Suma daga hreinlega lágum við á hliðinu og biðum eftir að væri opnað. Við urðum því fljótt vinir starfsfólksins í Drekgarðinum - eins og við kölluðum garðinn okkar.

Við fundum strax að rúttina hversu rúttina skipti miklu máli. Þeirra líf hafði verið ein rúttina og því mikilvægt að þeir myndu öryggi í nýrri rúttinu. Hins vegar gat verið erfitt að koma á rúttina á þegar allir dagar voru sunnudagar. Smátt og smátt kom hún þó og m.a. sem við gerðum var að fara alltaf heim úr garðinum kl. 17. Þá var kvöldmatur, bað og farið í rúmið klukkan 18:30. Sumir gætu nú hugsað, já fyrst þeir fóru svona snemma að sofa þess vegna voru þeir að vakna svona snemma, en reyndin var nú sú að við höfðum reynt að láta þá fara að sofa á mismunandi tímum en alltaf skyldu þeir vakna klukkan sex!

Eftir því sem leið á sumarið, traustið til okkar jókst breyttist þetta og þeir urðu rólegri. Undir lokin vorum við ekki farin að fara á fætur fyrr en um hálf átta eftir notalega stund í rúminu þar sem við spjölluðum saman eða lásum bók.

## Ómetanleg aðstoð

Við fengum gesti til okkar (aðstoðarfólk) í fjögur skipti fyrstu tvo mánuðina. Liðu u.þ.b. tvær vikur á milli heimsóknna. Það var afar dýrmætt fyrir okkur að fá þessa aðstoð að heiman, hvort heldur til þess að fá eldaðan mat, tiltekt eða einhvern í þvottinn. Drengirnir lærðu líka mikið af þessum heimsóknnum, bæði voru fleiri til að tala við nýja tungumálið sitt sem og að það er til fólk sem er okkur náð og við hittum aftur. Þeir lærðu að það er til fólk sem kemur í bara heimsókn á meðan mamma og pabbi eru alltaf til staðar. Þetta var því afar góð blanda af gestum og síðan „einangrun“ fjölskyldunnar.

Til að byrja með héldum við okkur að mestu í næsta nágrenni við heimili okkar - bæði á meðan þeir voru að venjast því að vera með okkur og að læra á nýtt umhverfi. Þeir voru að flytjast í stórborg úr litlum bæ svo það voru hellings viðbrigði. Í litla bænum þeirra þekktu þeir fólk í kringum barnaheimilið og gátu spjallað við það en þegar til Prag þekktu þeir enga og eins og í stórborgum gaf fólk sig ekki á tal við þá þó svo þeir leituðu stundum



eftir því. Fyrir mig sem foreldri var gott að fólk lét þá afskipta því þeir, eins og mörg ættleidd börn, voru afar opnir fyrir samskiptum við ókunnugt fólk. Það er líka erfitt þegar barnið manns á í hrókasamræðum við einhvern á tungumáli sem þú skilur ekki.

Gestaheimsóknirnar okkar voru líka nýttar til þess að stækka ferðasvæðið okkar og nýttum við mannaflíð í að fara í lengri ferðir með trammi, metrói og strætisvögnum. Það var góð æfing fyrir þá. Til að byrja með fórum við varlega í sakirnar og tók jafnvel annað okkar einn með sér í profutúra áður en farið var í eiginlegar ferðir. Ferðir okkar takmörkuðust þó að mestu við að fara á nýja rólóvelli út um Prag, á söfn, í dýragarðinn og á aðra staði sem hentuðu börnum.

## Aðlögun að nýjum aðstæðum

Praktísk atriði voru oft á tíðum ekki einföld hjá okkur. Matarinnkaup voru til að mynda gert eftir að strákanir voru sofnaðir. Þá fór annað okkar og verslaði í matinn því það er jú ekkert grín að taka með sér þrjú börn í matvörobúð og á þessu tímabili treysti hvorugt okkar, okkur til þess að vera ein með þá þrjá. Það var því hálfgerð bylting þegar við gátum farið að taka einn og einn með í verslunarferðir á daginn.

Við lærðum líka nokkuð fljótt að það var góð hugmynd að skipta hópnum í tvenn, þá var annað okkar með einn og hitt með tvo. Þannig náðum við líka að gera meira. Til að einfalda lífið enn meira hjá okkur þá fengum við okkur manneskju til þess að þrifa hjá okkur í nokkur skipti. Sú sama sat að kvöldi til í íbúðinni í nokkur skipti til þess að við gætum farið aðeins út og átt smá stund bara tvö ein. Við fórum aldrei langt frá en það gerði okkur gott

Við lentum í tveimur hitabylgjum. Sú fyrri var í júlí og hin seinni í ágúst. Að lenda í hitabylgju með þrjú lítil börn án allrar loftkælingar dag eftir dag er eitthvað sem ég myndi ekki óska neinum. Þetta var svakalegur tími en við lærðum þó að Tékkar kæla verslunarmiðstöðvar sínar og metróið er frábært. Við þeystumst um alla borg í metróinu og fórum í ótrúlega margar verslunarmiðstöðvar í útjarði Prag til þess að kæla okkur niður. Bíóferðir voru líka vinsælar. Í seinni hitabylgjunni náðum við að nýta okkur útsundlaugar sem voru svalandi kaldar í yfir 40 stiga hitanum. Það þurfti að sjálfsgöðu að fara í æfingaferðir fyrst. Fyrst fór sá elsti einn með mér. Næsta dag sá í miðið og þriðja daginn fór ég með tvo eldri drengina. Að lokum vorum við síðan öll mætt í sundlauginna. Þeir voru allir hræddir við vatnið en æfingin skapar meistarann og urðu þeir ótrúlega fljótt öruggari. Ég uppgötvaði í þessum sundferðum okkar hvað vatnið gerði þeim gott og jafnframt hvað sundferðir eru góð leið til tengslamyndunar við börnin sín. Náandin verður svo mikil og þau leggja allt sitt traust á okkur foreldrana.

## Óvissan um tímarn

Eins og ég gat í upphafi, þá fórum við til Tékklands ekki viss um hversu lengi við yrðum. Þegar við komu út var okkur sagt að þetta yrðu líklega aldrei meira en fjórir mánuðir en þegar á reyndi þá gengu hlutirnir ekki alveg jafn hratt fyrir sig og við óskuðum. Við lifðum alltaf í voninni að koma heim í ágúst og því var það þínu erfitt að sjá ágústdagana líða og vita ekkert. Það voru því mikil gleðitíðindi þegar upplýsingar bárust frá Brno þann 8. september að nú væri allt að verða klárt. Fór elsti sonur okkar með pabba sínum til Brno þann 10. september til að skrifa undir alla pappírana og gistu þeir á

svítu í Brno, svo mikil var gleðin. Þann 13. september lentum við síðan í Keflavík, mjög svo tilbúin að koma heim.

### Mögnuð lífsreynsla

Dvölin í Prag var, þegar við lítum til baka, mögnuð lífsreynsla. Hún tók á og oft fannst manni tíminn ekki líða (ef hægt er að segja það þegar þrjú börn eru komin í líf manns). Dagarnir urðu keimlíkir og reyndum við alltaf að halda í rútinuna okkar. Á þeim tíma sem við vorum í Tékklandi komu þrjár aðrar fjölskyldur á eftir okkur en fóru heim eftir hinar hefðbundnu 4-5 vikur. Það var frábært að hafa þær í landinu og ekki var verra að ein þeirra bjó í Prag á sama tíma og við. Það var því frekar erfitt þegar allir voru farnir til Íslands, nema við.

### Fagleg þjónusta

Við vorum í afar góðu sambandi við UMPOD (miðstjórnarvaldið sem fer með ættleiðingarmál í Tékklandi). Bæði lögfræðinginn okkar sem og sálfræðinginn. Sálfræðingurinn kom til okkar einu sinni í viku og ræddi við elsta drenginn þar til tungumálaörðugleikarnir voru orðnir þannig að þau voru eiginlega hætt að skilja hvort annað. Það var okkur afar dýrmætt því við gátum líka rætt við hana um lífið og tilveruna, hvað var að ganga vel og það sem gekk ekki alveg jafnvel. Ég tel að þessar heimsóknir hennar hafi gert mjög mikið fyrir okkur fjölskylduna. Það var jú líka ruglingslegt fyrir drengina að vita ekki almennilega hvenær við myndu fara heim til Íslands.

### Ómetanlegur stuðningur

Heima á Íslandi áttum við ófá símtölin við Lárus sálfræðinginn okkar hjá Íslenskri ættleiðingu. Hann gaf okkur dýrmæt ráð en leyfði okkur líka bara að blása. Þá stöndum við ætíð í þakkarskuld við baklandið okkar - sem í daglegu tali er kallaður Tékklands-hópurinn. Í gegnum súrt og sætt fengum við góð ráð annarra foreldra sem yfirleitt höfðu alltaf glímt við svipaðar áskoranir og við. Áskoranir sem aðeins foreldrar ættleiddra barna skilja.

### ... þannig týnist tíminn

Nú erum við búin að vera ár og einn mánuð betur á Íslandi. Við erum raunar löngu hætt að telja. Lífið gengur sinn vanagang eins og hjá öðrum fjölskyldum. Mamman og pabbinn fara í vinnuna og strákar okkar í leik- og grunnskóla. Það er í raun ótrúlegt að hugsa til þess hversu stutt við erum búin að vera fjölskylda því tilfinningin er sú að við höfum alltaf verið saman.



Fréttabréf Íslenskrar  
ættleiðingar  
Ábyrgðarmaður:  
Kristinn Ingvarsson

Íslensk ættleiðing  
Skiptiholti 50b  
105 Reykjavík